

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2009 02-2009110622
G-ums 07/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum - 239. mál, þskj. 273

Ríkisskattstjóri hefur þann 5. desember 2009 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum, virðisaukaskattur o.fl., 239. mál, þskj. 273.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs til samræmis við forsendur fjárlagafrumvarps 2010. Frumvarpið hefur að geyma allnokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt og telur ríkisskattstjóri þörf á að gera athugasemdir við nokkrar þeirra.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á að upptaka á nýju virðisaukaskattsþrepi, 14% eykur flækjustigið við framkvæmd laganna og eykur hættu á mistökum við tekjuskráningu, fyrst og fremst við innslátt í sjóðvél. Þá aukast jafnframt möguleikar á undanskotum vegna freistingar til þess að færa veltu í lægsta þrep virðisaukaskatts. Allt eftirlit verður því erfiðara en ella.

Samkvæmt þessum fyrirhuguðu breytingum á sala á tilreiddum mat að bera 14% virðisaukaskatt. Fyrir breytingarnar sem gerðar voru á 14. gr. laga nr. 50/1988 með lögum nr. 175/2006, og tóku gildi þann 1. mars 2007, voru sambærilegir tilreiddir réttir seldir í mismunandi þrepum eftir því hvort sala fór fram í verslunum eða á veitingahúsum. Má sem dæmi nefna heita rétti sem seldir voru í lægra þrepinu í matvöruverslunum en í hinu almenna á veitingastöðum. Þeir sem seldu í hinu almenna þrepi töldu margir að samkeppnisstaða þeirra væri ófullnægjandi gagnvart hinum sem seldu hliðstæðar vörur í lægra þrepinu. Samkeppnisröskunum verður varla mætt með öðru en endurgreiðslum til veitingahúsa af sama toga og voru í gildi hér áður fyrr. Við framkvæmd hinna eldri reglna komu fram mörg markatilvik þar sem erfitt var að skera úr um hvorum megin hryggjar niðurstaðan var. Í úrskurðarframkvæmd var sú stefna mörkuð að ef að viðkomandi sölustað var gert að vera með veitingaleyfi þá var talið að sala á veitingum ætti að vera í hinu almenna þrepi.

Hvað einstök ákvæði frumvarpsins varðar þá leggur ríkisskattstjóri til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á b. lið 15. gr. frumvarpsins. Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

„ b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukaskattur af eftirtalinni vöru og þjónustu skal þó vera 14%:


a. Sala veitingahúsa, mótuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu.

b. Sala á þeirri matvöru og annarri vöru til manneldis sem ekki er skilgreind í viðauka við lög þessi, þó ekki sala á áfengi.”

Tillagan er lögð fram til þess að samræmis sé gætt í orðalagi, samanborið við aðra töluliði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Þá er lagt til að skýrar verði kveðið á um það að sala á áfengi falli í efsta þrep virðisaukaskatts. Þá er gerð tillaga um að orðinu „þó” sé skotið inn í upphafsmálslið.

Loks vill ríkisskattstjóri vekja athygli á því að betur færi á því að tilgreina með tæmandi hætti, eftir tollskrárnúmerum, þær matvörur og aðrar vörur til manneldis sem ætlað er að falli undir 2. mgr. 14. gr., þ.e. eigi að bera 14% virðisaukaskatt. Viðbúið er að upp kunni að koma vafamál hvort selja beri tiltekna vöru með 25% eða 14% virðisaukaskatti, þ.e. vöru sem nú er óumdeilt að beri nú 24,5% virðisaukaskatt. Má sem dæmi nefna ógerilsneydda mjólk og annað hráefni ætlað til matvælavinnslu.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Jón Guðmundsson


Bjarni Amby Lárusson